

## Geirfuglinn

Á síðustu öld hefur náttúruvernd vaxið fiskur um hrygg og mikill áhugi er á því víða um heim að koma í veg fyrir að jurta- og dýrategundir deyi út. Í Afríku hafa kjörlendi ýmissa dýra minnkað og verðmæt bein og tennur valda því að fílum og nashyrningum hefur snarfækkað. Í Asíu hefur verið þrengt að rándýrum af kattaætt og hér á norðurslóðum hafa hvalveiðar verið bitbein manna. Samkeppni við manninn eða önnur dýr og þær nytjar sem má hafa af þeim stefna mörgum dýrategundum í hættu. Ofveiði er ekki ný af nálinni og á nítjándu öld gerðu Íslendingar sig seka um að veiða síðustu geirfuglana sem voru eftirsóttir vegna verðmætra afurða en lutu í lægra haldi fyrir ásókn manna.

Geirfuglinn var af ætt svartfugla og fugl norðurhvelsins eins og aðrir slíkir en hafði þó ýmis séreinkenni. Ólíkt öðrum svartfuglum var hann gríðarstór. „Geirfuglinn náði meðalmanni í mjöðm og var á þyngd við villigæs.“<sup>1</sup> Hann var ófleygur en vængir hans nýttust við að kafa eftir æti. Hann verpti aðeins einu egg á bert grjót og talið er að unginn hafi verið mun skemur á varpstað en ungar annarra svartfugla eða aðeins um níu daga. Líklegt er að geirfuglar hafi orðið kynþroska fjögurra til sjö ára gamlir og að þeir hafi getað lifað tuttugu og fimm ár eða lengur en flestir svartfuglar geta orðið þrjátíu til fjörutíu ára gamlir. Fuglarnir héldu sig á varpstað tvo mánuði á ári<sup>2</sup> eða aðeins einn mánuð og hina ellefu klufu þeir endalausar öldur úthafsins.<sup>3</sup> Síðustu árþúsundin voru heimkynni geirfuglsins bundin við norðanvert Atlantshafið en þó hélt hann sig hvergi norðar en við Ísland. Óvíst er hvar íslensku geirfuglarnir héldu sig utan varptímans en talið er að þeir hafi leitað í átt til Suðvestur-Grænlands og Bretlandseyja. Geirfuglarnir lágu því vel við veiðum þeirra þjóða sem bjuggu við norðanvert Atlantshaf.

Þó að síðustu geirfuglarnir hafi verið veiddir á Íslandi áttu Íslendingar ekki stærstan þátt í útrýmingu tegundarinnar. Franskir sjómenn veiddu þá sér til matar við Nýfundnaland allt frá sextándu öld og hættu jafnvel að nesta sig að heiman heldur treystu á þessa matarmiklu fugla. Stofninn hélst þó nokkuð stöðugur þar til í lok átjándu aldar að farið var að sækjast eftir fiðri fuglsins auk þess sem hann var bræddur í lýsi. Tegundin varð aldauða við Nýfundnaland um 1800 og tuttugu árum síðar í Orkneyjum og Færeyjum. Íslenski stofninn var aldrei mjög stór.

---

<sup>1</sup> *Íslenskir sagnaþættir* III 1984:143

<sup>2</sup> Ævar Petersen 1995:54

<sup>3</sup> *Íslenskir sagnaþættir* III 1984:143

Stærsta varpið var í Geirfuglaskeri undan Reykjanesi sem þá var eina geirfuglabyggðin sem nokkuð kvað að í heiminum.<sup>4</sup> Líklegt er að rányrkja hafi verið stunduð þar um aldir. Bretar og Færeyingar hjálpuðu Íslendingum við útrýmingu geirfuglsins með ransferðum til skersins árin 1808 og 1813.<sup>5</sup> Þann þriðja júní árið 1844 veiddu Íslendingar tvo síðustu geirfuglana, sem vitað er um, í Eldey.

Á syllunni fyrir neðan bjargið, sáu þeir margt af svartfugli og innan um þá skáru tveir geirfuglar sig úr. Þeir hlaupa þegar upp og geirfuglarnir runnu á undan þeim meðfram bjarginu álíka hratt og gangandi maður. Þeir böðuðu stuttum vængjunum dálítið út frá sér en gáfu ekki hljóð frá sér. Ketill króaði annan fuglinn upp við bjargið en Sigurður náði hinum rétt við brúnina í flösunni.<sup>6</sup>

Eitt geirfuglasegg lá á berum klettinum. Þrátt fyrir sögusagnir um geirfugla á Grænlandi allt til 1960 má telja víst að dagar geirfuglsins hafi verið taldir.<sup>7</sup>

Útrýming geirfuglsins er ljótur blettur á sögu Íslendinga og annarra þjóða við norðanvert Atlantshaf. Fyrir sjómenn, sem sigldu langar leiðir til veiða, var hann mikilvæg fæða og síðar urðu aðrar verðmætar afurðir eins og lýsi og fiður til þess að skefjalaus rányrkja hófst sem leiddi til þess að fuglinn varð aldauða. Þó að íslenski stofninn hafi ekki verið stór áttu Íslendingar sinn þátt í að útrýma geirfuglum með því að nýta þá til matar um aldir. Veiði tveggja síðustu fuglanna hefur varla haft úrslitaáhrif um framtíð geirfuglsins en er táknræn fyrir áhuga- leysi á fuglavernd og áherslu á fæðuöflun og gróða.

---

<sup>4</sup> Örnólfur Thorlacius 1998:423

<sup>5</sup> Ævar Petersen 1995:57

<sup>6</sup> *Íslenskir sagnaþættir* III 1984:146

<sup>7</sup> *Wikipedia* 2011

## Heimildaskrá

*Íslenskir sagnabættir* III. 1984. Síðasti geirfuglinn, bls.142–146. Gunnar S. Þorleifsson safnaði. Bókaútgáfan Hildur, Reykjavík.

*Wikipedia. Frjálsa alfræðiritið*. 2011. Geirfugl. 29. ágúst. Sótt 8. september 2018 af <https://is.wikipedia.org/wiki/Geirfugl>

Ævar Petersen. 1995. Brot úr sögu geirfuglsins. *Náttúrufræðingurinn* 66:53–66.

Örnólfur Thorlacius. 1998. Geirfuglinn. Lífshættir og afdrif. *Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni*. Þjóðsaga, Reykjavík.